

## REGLUGERÐ

92

21. ágúst

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis nr. 161 25. september 1942, sbr. reglugerð nr. 117 10. september 1959.

### 1. gr.

Aftan við 5. kafla reglugerðarinnar komi nýr kafli, tvær greinar, sem verður 6. kafli.

Kaflaröðun og greinatala aftan við hinn nýja kafla breytist í samræmi við þetta.

Hinn nýi kafli orðist þannig:

## VI. KAFLI

### Verbúðir.

#### 17. gr.

Leiga fyrir verbúðir hafnarinnar, sem byggðar hafa verið á Rifi, skal vera sem hér segir:

- a. Fyrir leigu á beitningarrúmi og veiðarfærageymslu kr. 2000.00 fyrir hvern mánuð, miðað við að leigutaki hafi húsnæði á leigu allt árið. Fyrir leigu á sama húsnæði, miðað við skemmri tíma en ár, kr. 3000.00 fyrir hvern mánuð og ef aðeins er um vertíðarmánuðina að ræða, þá greiðist kr. 4000.00 í leigu fyrir hvern mánuð.
- b. Fyrir beitningarrúm sérstaklega, miðað við árs leigu kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð. Fyrir veiðarfærageymslu sérstaklega miðað við árs leigu kr. 750.00 fyrir hvern mánuð. Sé beitningarrúm og veiðarfærageymsla leigt hvort í sínu lagi skemmri tíma en ár, skal leiga vera kr. 300.00 hærri fyrir hvern mánuð en greint er hér að framan.
- c. Sé nefnt húsnæði leigt til annars en aðstöðu fyrir báta, skal leiga á beitningarrúmi vera kr. 2000.00 fyrir hvern mánuð og leiga á veiðarfærageymslu kr. 1000.00 fyrir hvern mánuð.
- d. Leigutaki greiðir sjálfur rafmagn og upphitun á leiguhúsnæði sínu.
- e. Leiga skal greidd fyrirfram á þriggja mánaða fresti. Miða skal við, að fyrsti gjalddagi sé 2. janúar ár hvert. Kaupendur afla þeirra báta, sem nota verbúðirnar, skulu standa hreppsnefnd eða hafnarnefnd skil á leigunni, einnig bera þeir ábyrgð á greiðslu á rafmagns- og hitunarkostnaði. Auk þess hefur höfnin haldsrétt í bátum þeim, sem verbúðirnar eru notaðar fyrir, bæði fyrir leigu og rafmagns- og hitunarkostnaði, svo og fyrir viðgerðarkostnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.
- f. Hreppsnefnd eða hafnarnefnd skal sjá svo um, að í hvert skipti, sem nýr leigutaki tekur við verbúð, sé verbúðin tekin út og fulltrúar hreppsnefndar og leigutaka skrifi undir yfirlýsingu þar sem ástandi verbúðarinnar er lýst. Leigutakar bera ábyrgð á þeim vélum og áhöldum og því húsnæði, sem þeir taka á leigu í verbúðunum. Þeir skulu greiða allt viðhald og annan rekstrarkostnað, sem til fellur meðan leigan stendur. Nú skilar leigutaki verðbúðunum úr leigu og skal þá allt vera í sama ástandi og er hann tók við þeim. Sé svo ekki og annist ekki leigutaki sjálfur þær viðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að svo verði, skal hreppsnefnd eða hafnarnefnd sjá um að svo verði gert á kostnað leigutaka. Greiði leigutaki ekki leiguna á tilskildum gjalddaga eða annan kostnað við verbúðina, er hreppsnefnd eða hafnarnefnd heimilt að taka rafmagn og hita af verbúðinni, eftir að leigutaki hefur verið aðvaraður um að svo verði gert.

21. ágúst 92 g. Leigutaki fyrirgerir rétti sínum til leigu á verbúðinni, ef hann sýnir hirðuleysi og vanrækslu í sambandi við viðhald verbúðarinnar, svo og við ítrekaða vangreiðslu á leigu og rekstrarkostnaði.
- h. Hreppsnefnd skal auglýsa verbúðirnar til leigu. Leigusamningar taka ekki gildi fyrr en hreppsnefnd hefur samþykkt þá. Leigutaka er óheimilt að framleigja verbúð, nema með samþykki hreppsnefndar.

18. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að hækka eða lækka leigu þá, er um getur í 17. gr. hér að framan um allt að 50%, án þess að leita heimildar ráðuneytisins til þess.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

93

21. ágúst

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hofsóshrepp.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Hofsóshrepp.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna og staðháttar.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Hreppstjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina og er hreppstjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kys hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina til fundar, ef einn nefndarmanna óskar þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd, þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal þá málinu tafarlaust skotið